

**Fundargerð stjórnar BÍS 07/2014. miðvikudaginn 19. febrúar 2014 kl. 17.30,
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi.
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Þór Gunnarsson, alþjóðaráði,
Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs,
Kristinn Ólafsson, gjaldkeri og og Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Hermann
Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi;

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
3. Verkefni og verkefnaáherslur stjórnar. Er nefnt Stefnu- og markmiðsáherslur stjórnar í fyrri fundargerðum. Þeirri vinnu er lokið og þetta er næsti fasi. HS fór yfir verkefni síðasta árs og fyrirbyggjandi verkefni þessa árs. Stjórn skilar af sér tillögum að verkefnum fyrir sunnudaginn 2. mars.
4. Félagsforingjafundur. Farið var yfir skoðanakönnun sem gerð var eftir fundinn. Almenn ánægja var meðal þátttakenda með fundinn og fundarefni.
5. Uppskeruhátíð BÍS. Að mati þátttakenda úr sömu skoðanakönnun tókst uppskeruhátíðin vel.
6. Fjárhagsáætlun. Þriggja ára fjárhagsáætlun BÍS lögð fram til umræðu. Vinnu haldið áfram á næsta fundi.
7. Lagabreytingar. Umræður voru um næstu skref í lagabreytingum. Lagt til að búin verði til heimasíða með þessum lagabreytingum þannig að fulltrúar skátafélagana geti látið í ljós sínar skoðanir. Samþykkt.
8. Önnur mál
 - a. Styrktarsjóður. Verður auglýstur opin á næstu dögum laus til umsóknar. Úthlutað verður úr sjóðnum á Skátapingi. Samþykkt var að úthluta 200.000 kr á þessu ári.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði HS